



Ársskýrsla æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Geysis 2007

Við hófum veturinn á reiðnámskeiðum sem hófust í febrúar og voru á tveggja vikna fresti fram í apríl.

Hulda Gústafsdóttir var með námskeið fyrir unglinga og þá sem voru með keppni í huga og Heiðdís Ingvarsdóttir var síðan með námskeið fyrir börn.

Voru bæði þessi námskeið vel sótt, en um 25 unglingar voru hjá Huldu og 20 hjá Heiðdísi.

Kristjón Kristjánsson á Kvistum og Arndís Pétursdóttir á Velli lánuðu aðstöðu sína endurgjaldslaust og kunnum við þeim þakkir fyrir.

Einnig er vert að minnast á knapamerkja námskeið sem Marjolin Tiepen hélt við góðan róm þátttakenda.

En þar tókust 10 krakkar á við 1stig knapamerkisins og útskrifuðust með láði.

Stefnan var svo tekin á vorhátíð og vorum við búin að dagsetja hana 17.maí en það reyndist svo vera dagurinn sem halda átti almenna æskulýðsdag um allt land í samstarfi við Glitni.

Við höldum því upp á æskulýðsdaginn á félagssvæði okkar á Gaddstaðflötum og hófust leikar með leikjum og sprelli og síðan spurningarkeppni mikilli þar sem skipt var upp í lið.

SS gaf okkur pylsur sem við grilluðum og MBF lét okkur í té drykkjarföng.

Glitnir gaf síðan buff sem við dreifðum til krakkana.

Svanhildur Hall kom og sýndi krökkunum hvernig kenna mætti hesti að heilsa á skömmum tíma, það vakti stormandi lukku og reyndist mikill áhugi fyrir þessháttar námskeiði, þar er í hestakúnsum ýmiskonar, næsta vetur.

Mæting var bara góð þrátt fyrir leiðinda rok og norðanngarra.



Svanhildur sýnir hestakúnstir!

Fjáröflun.

Við tókum að okkur veitingasölu á 3 vetrarmóti Geysir, skeiðleikum meistaradeildar VÍS, íþróttamóti Geysir og félagsmóti Geysis.

Gaf þetta vel í aðra hönd og voru krakkarnir duglegir að aðstoða á allan hátt.

Vaskur hópur barna, unglunga og ungmenna tók svo þátt í íslandsmóti sem haldið var í Glaðheimum í Kópavogi.

Af öllu öðrum ólöstuðum stóðu þær upp úr systurnar í Árbæjarhjáleigu með 2 íslandmeistaratitla.

Hekla Katharína Kristinsdóttir var íslandmeistari í tölti unglunga á Nútíð frá Skarði, 3 í 5-gangi unglunga á Gídeon frá Lækjarbakka og í 4 sæti í T2 á sama hesti.

Rakel Nathalie Kristinsdóttir var síðan íslandsmeistari í 4-gangi unglunga á Vígari frá Skarði og í 4 sæti í tölti á sama hesti

Katla Gísladóttir var 2 í tölti ungmenna á Órator frá Grafarkoti.

Ragnheiður Hallgrímsdóttir varð önnur í 4-gangi unglunga á Skjálfta frá Bjarnastöðum og Helga B.Helgadóttir síðan 6 í 5-gangi ungmenna á Sandi frá Varmadal.

Má segja að árangurinn hafi verið nokkuð góður og óskum við þeim öllum til hamingju með árangurinn.

Hér koma svo nokkrar myndir af íslandsmótsförunum til gamans.



Hekla Katharina og Nútíð frá Skarði



Rakel Nathalie og Vigar frá Skarði



Hekla Katharína og Gideon frá Lækjarbakka



Helga B. Helgadóttir og Sandur frá Varmadal

Við erum stolt að segja frá því að einn af félögum okkar keppti síðan á HM í hestaíþróttum í Hollandi síðasta sumar.

En það var hún Katla Gísladóttir á hesti sínum Órator frá Grafarkoti og náði hún þeim glæsta árangri að verða í 13 sæti í tölti, ekki amalegt það.

En æskulýðsnefndin styrkti Kötlunni um 40.000 krónur til fararinnar.



Katla Gísladóttir og Órator frá Grafarkoti á HM 2007

Með kveðju
Æskulýðsnefnd Geysis

Formaður
Lovísa Herborg Ragnarsdótti

Steinn Másson
Anna Björg Stefánsdóttir
Renata Hanneman



Frá undirritun samnings um byggingu reiðhalla á Gaddstaðflötum
félagssvæði okkar Geysismanna